

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UST

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun
Áb. <i>OP</i>
08 SEPT. 2003
<i>54.55</i>
Tilv. <i>UST20030700170</i>

5. september 2003

Tilvísun: UST20030700170/6á

Sjóvarnargarður yfir Njarðvík (nr. 2). Frekari umsögn um matsskyldu.

Við er til tölvubréfs Skipulagsstofnunar, dags. 3. september sl., þar sem óskað er frekari umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Í fyrri umsögn stofnunarinnar kom fram að Umhverfisstofnun teldi ekki að fullu ljóst hvort fyrirhugaðar framkvæmdir geti haft í för með sér umtalsverð áhrif á gróður, leirur og fuglalíf í Njarðvík. Stofnunin taldi að til að hægt væri að leggja mat á það þyrfti að leggja fram frekari upplýsingar um lífríki fjörunnar og gróður á sjávarfitjum, þ.e. tegundafjölbreytni og hvort þar sé að finna sjaldgæfar tegundir. Ennfremur þyrfti að leggja fram ítarlegri upplýsingar um það hvort fyrirhugaðir sjóvarnargarðar gæti haft í för með sér breytingar á straumum, straumhraða og sjávarhæð og þar með haft áhrif á leirur, sjávarfitjar og fuglalíf.

Sjaldgæfar tegundir og tegundafjölbreytni

Í nánari gögnum framkvæmdaraðila er gerð betri grein fyrir fyrri rannsóknum á svæðinu, auk þess sem kynntar eru niðurstöður frá vettvangsskoðun sérfræðinga Líffræðistofnunar og Línuhönnunar þann 28. ágúst síðastliðinn. Niðurstöður þessara rannsókna benda til þess að ekki séu sjaldgæfar tegundir dýra eða plantna innan fyrirhugaðra varnargarða. Jafnframt er bent á að eiginlegar sjávarfitjar séu nánast horfnar af svæðinu. Stofnunin bendir þó á að þrátt fyrir að ekki finnist sjaldgæfar tegundir innan sjávarfitja í Njarðvík er hér um sjaldgæf gróðurlendi að ræða sem hafa hátt verndargildi. Því er mikilvægt að sporna við frekara raski á sjávarfitjum í Njarðvík.

Breytingar á straumum, straumhraða og sjávarhæð

Í frekari gögnum frá framkvæmdaraðila er vikið nánar að hugsanlegum breytingum á straumum, straumhraða og sjávarhæð með tilkomu fyrirhugaðra varnargarða. Þar er ítrekað frá fyrri greinargerð framkvæmdaraðila að straumhraði sjávar gegnum opið milli varnargarðanna sé lítill, eða 0,12 m/s, og að straumstefnan verði sú sama og nú. Garðarnir muni standa á grynsta hluta vikurinnar og trufla strauma því lítið. Ennfremur muni opið á milli garðanna verða staðsett á dýpsta hluta vikurinnar.

Niðurstaða

Ný gögn benda til þess að ekki sé að finna sjaldgæfar tegundir innan fitjagróðurs á svæðinu. Jafnframt kemur fram að eiginlegt sjávarfitjabelti hafi minnkað talsvert og


stærstur hluti þess sé kominn undir byggingarland. Einnig kemur fram að í tjörnum ofan sjávarfitjabeltisins gæti ekki seltuáhrifa og þar sé því ekki um eiginlegar fitjatjarnir að ræða.

Framlögð gögn benda til þess að breytingar á straumum, straumhraða og sjávarhæð verði litlar, vegna legu garðsins á grynna hluta vikurinnar, stórrar opunar á honum yfir dýpsta hluta vikurinnar og ræsum sem tryggja flæði undir garðinn og minnka þannig enn frekar áhrif á sjávarföll.

Umhverfisstofnun telur að í ljósi nánari gagna séu að ekki séu líkur á að ofangreind framkvæmd, eins og henni er lýst í tilkynningu framkvæmdaraðila, valdi umtalsverðum umhverfisáhrifum á sjávarfitjar eða sjaldgæfar tegundir fitjagróðurs né á leirur og þar með fuglalíf á svæðinu.

Umhverfisstofnun minnir á að leita skal umsagnar stofnunarinnar um framkvæmdirnar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Virðingarfyllst,


Olafur Arnason


Helgi Jónsson